

Að vinna fyrir alþjóðlegt fyrirtæki



Guðrún Högnadóttir er eigandi og framkvæmdastjóri FranklinCovey á

Íslandi, sem er alþjóðlegt sérþekkingarfyrirtæki með starfsemi í 150 löndum, en hún er með íslenska ráðgjafa starfandi í átta

löndum næstu mánuðina fyrir bæði íslensk og erlend fyrirtæki.

„Það er einstaklega gefandi og lærdómsríkt að vinna í svona alþjóðlegu samstarfi. Í fyrsta lagi tengist þessu mikill fjölbreytileiki en þó svo að við störfum samkvæmt einni stefnu og einni sýn koma oft fram mjög ólíkar skoðanir og reynsla. Það er svo gaman að sjá hvað þessi gagnrýna en skapandi hugsun tengir okkur þvert á landamæri.

Það er í öðru lagi gaman að sjá þegar maður vinnur fyrir fyrirtæki sem á sér svona langa sögu hvað þetta verður gjöfult samfélag. Það er t.d. ekkert mál að hringja í næsta mann og fá stuðning og innsýn – þótt viðkomandi sé í öðru landi. Þegar tilgangur félagsins er jafn tær og okkar – að laða fram það besta hjá okkar viðskiptavinum – verða verkefni, samstarf og verkferlar einstaklega skýr.

Það er ómetanlegt að fá að vinna með og læra af erlendum viðskiptavinum hvort sem við erum t.d. að vinna með stærsta tryggingafélagi í Afríku eða í gegnum góðgerðarstarf FranklinCovey í flóttamannabúðum í Suður-Evrópu; þetta er bara einstök reynsla.

7% af heildarveltu FranklinCovey á alþjóðavísu er varið til rannsókna og þróunar með fremstu háskólum og hugsuðum heims. Það er virkilega uppörvandi að vita til þess að ráðgjafar okkar og viðskiptavinir hafa aðgang að bestu þekkingu hverju sinni.“

Guðrún nefnir líka hvað upplýsingakerfi eru afgerandi fyrir reksturinn og hvað samskipti eru einfölduð með aðgangi að tölvukerfum, gagnagrunnum og samskiptaforritum. „Það má segja að það sé eins og heimurinn sé stundum mættur til okkar í vinnu á Laugaveginum. Það er alveg ótrúlegt.“ 

7% af heildarveltu FranklinCovey á alþjóðavísu er varið til rannsókna og þróunar með fremstu háskólum og hugsuðum heims. Það er virkilega uppörvandi að vita til þess að ráðgjafar okkar og viðskiptavinir hafa aðgang að bestu þekkingu hverju sinni.“
